

14. gr.

Bannað er að taka vatn úr brunahönum vatnsveitunnar eða setja hreyfivélar í samband við hana, nema með leyfi vatnsveitunefndar.

15. gr.

Brot gegn reglugerð þessari varðar sektum, allt að kr. 1000.00, nema þyngri refsing liggji við samkvæmt almennum lögum. Valdi nokkur skemmdum á vatnsveitunni, skal hann bæta það eftir mati þar til kvaddra manna. Með mál út af brotum á reglugerð þessari skal farið sem almenn lögreglumál.

Reglugerð þessi, sem samin er og samþykkt af bæjarstjórn Ólafsfjarðar, staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923, sbr. lög nr. 93 5. júní 1947, um aðstoð til vatnsveitna, til þess að öðlast gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli. Jafnframt fellur úr gildi gjaldskrá og reglugerð fyrir vatnsveitu Ólafsfjarðarkaupstaðar nr. 162 1. desember 1954.

Félagsmálaráðuneytið, 1. september 1964.

F. h. r.

Hjálmar Vilhjálmsson.

Hallgrímur Dalberg.

SAMÞYKKT

um breytingu á lögreglusamþykkt fyrir Reykjavík, nr. 2 7. janúar 1930.

1. gr.

Orðin „og þar fari ekki fram sala sælgætis“ í 1. mgr. 79. gr. samþykktarinnar, sbr. samþykkt nr. 222 10. desember 1963, falli niður.

2. gr.

Samþykkt þessi öðlast gildi þegar í stað.

Samþykkt þessi, sem borgarstjórn Reykjavíkur hefur samið og samþykkt samkvæmt lögum nr. 1 3. janúar 1890, sbr. lög nr. 67 28. nóvember 1919, um lögreglusamþykktir fyrir kaupstaðina, staðfestist hér með og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 24. ágúst 1964.

Jóhann Hafstein.

Baldur Möller.